

Tilkynning frá tilnefningarnefnd Eimskips

Tilnefningarnefnd er undirnefnd stjórnar og hefur það hlutverk að aðstoða og upplýsa stjórn vegna ferils við framboð til stjórnar og varastjórnar, sem og öflun framboða/tilnefninga til stjórnar, varastjórnar og undirnefnda hennar.

Aðalfundur Eimskips verður haldinn 27. mars 2025 og óskar tilnefningarnefnd eftir framboðum til stjórnar.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á vefsvæði aðalfundar á fjárfestasíðu félagsins og skal skila á netfangið: nominationcommittee@eimskip.com

Frestur til að skila inn framboðum sem hljóta eiga umfjöllun tilnefningarnefndar er til klukkan 12:00 föstudaginn 14. febrúar 2025. Nefndin áskilur sér rétt eftir atvikum til að fjalla um framboð sem berast síðar.

Allir núverandi stjórnarmenn hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Aðalfundur kýs fimm í stjórn og tvo til vara, annar varamaðurinn lét af störfum á sl. ári og er því aðeins annað sæti varamanns skipað.

Tillaga nefndarinnar að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu verður kynnt tveimur vikum fyrir aðalfund, með tillögum stjórnar, eða 13. mars 2025.

Almennum framboðsfresti til stjórnar lýkur tíu sólarhringum fyrir aðalfund eða kl. 15:00 þann 17. mars nk. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar fram að því tímamarki.

Hluthöfum sem vilja eiga fund með tilnefningarnefndinni nú í aðdraganda aðalfundar 2025 er bent á að hafa samband sem fyrst gegnum tölvupóst.